ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



Útg.: KOMMÚNISTASAMTÖKIN MARXISTAR-LENÍNISTAR 6. tbl. 5. árg. 25. 3. 1976

Berjumst gegn aukinni miðstýringu ASÍ forystunnar

Eftir síðustu kjarasamninga hafa þær raddir sem krefjast breytinga á vinnulöggjöfinni gerst mjög háværar. Tvær megintillögur hafa komið fram - önnur er tillaga um breytta tilhögun kjarasamninga, þ.e. aukin völd sáttasemjara og ennfremur að senda skuli allt samningaliðið upp í sveit - loka það inni sambandslaust við umheiminn og ekki hleypa því út fyrr en samið yrði. Hin tillagan er um að auka völd ASÍ yfir hinum einstöku verkalýðsfélögum.

Þessar tillögur fela báðar í sér áætlanir um að skerða möguleika verkalýðsins til að heyja árangursríkja kjarabaráttu. Einn fyrirferðamesti "rökstuðningurinn" sem fylgir þessum málflutningi er sá að með þessum ráðstöfunum muni takast að koma í veg fyrir kröfugerð svokallaðra "smáhópa." Þessir smáhópar, sem sjaldnast eru nefndir með nafni og númeri, eru nú samkvæmt þessum heimildum verstu andskotar verkalýðshreyfingarinnar.

Nokkrar tilvitnanir í ísl. fjölmiðla:

"Þær (samningaviðræðurnar) þurfa í framtíðinni að verða einfaldari í sniðum og spurning, hvort ekki er nauðsynlegt að efla áhrif og vald heildarsamtaka í slíkum viðræðum á kostnað einstakra félaga a.m.k." (Leiðari Mbl. 2.3.´76, undirstr. hh)

"Hjá því verður ekki komist, að kauphækkunin fari meira eða minna út í verðlagið" (Leiðari Tímans 2.3.´76).

"Jafnhliða þessu verður að leita að leiðum til að koma í veg fyrir tíð verkföll smáhópanna" (Sama blað).

Það ber jafnvel við að þeir sem telja sig bera hag lægst launuðu starfgreinanna fyrir brjósti taki undir fordæminguna á "smáhópunum." En er málið allt eins og það sýnist?

Það sem býr að baki þessum áróðri kemur skýrt í ljós ef við höfum í huga þá baráttu sem verkakonur á Akranesi hafa háð að undanförnu. Hér er um að ræða "smáhóp" sem berst skeleggri baráttu fyrir réttmætum kröfum sínum. Ef verkalýðurinn ljær máls á breytingum sem eiga að herða að "smáhópunum" þá væri um að ræða skref afturábak fyrir hann. Það geta einmitt verið slíkir hópar eins og verkakonurnar sem sýna mikilvægt fordæmi fyrir allan verkalýð - fordæmi sem sýnir hvernig heyja ber árangursríka kjarabaráttu. Barátta "smáhópa" sem ekki laga sig að samflotum ASÍ-forystunnar býður forræði henna r byrginn og það er ekki vel séð í herbúðum auðvaldsins. Áróðurinn gegn athafnafrelsi smáhópanna er

frh bls 4.



MYND: Baráttufundur verkakvenna á Akranesi í verkfallinu

Útgáfutilhögun

Þetta eintak STÉTTABARÁTTUNNAR ber einkenni þess millibilsástands sem nú ríkir við vinnslu blaðsins. Í fyrsta lagi er prentunin ekki í sama gæðaflokki og áður og í öðru lagi er ýmislegt við frágang blaðsins að athuga. En eins og lesendur STÉTTABARÁTTUNNAR vita þá standa fyrir dyrum breytingar á útgáfutilhöguninni - stefnt er að því að auka útgáfutíðnina. Núna er blaðið offsetfjölritað í minna broti en venjulega og útgáfutíðnin ekki í föstum skorðum. Þetta ástand mun vara stutt - undirbúningur er hafinn til þess að skipuleggja útgáfuna þannig að kleyft sé að gefa blaðið oftar út en nú er. Enn hefur ekki verið endanlega gengið frá því hvernig við högum útgáfunni á þessu ári, en ljóst er að blaðið mun koma tvisvar í mánuði áður en árið er hálfnað. Þessi sókn til eflingar STÉTTABARÁTTUNNI mun einungis takast ef við stöndum vel og skipulega að henni. Þess vegna er það mikilvægt að allir velunnarar blaðsins haldi uppi merkinu frá síðasta ári (þegar okkur tókst að auka fjölda áskrifenda um 100,4%) og haldi áfram að safna áskrifendum og stunda lausasölu - en nú gildir að efla sóknina. BYGGJUM UPP STÉTTABARÁTTUNA - SKREF FYRIR SKREF!

-/ritstj.

LEIÐRÉTTING:
Á bls.6hefur fallið niður hluti af fyrirsögn efst á blaðsíðunni. Fyrirsögnin á að vera: ENDURSKOÐUNARSTEFNA Í 20 ÁR.

Bréf frá sjómanni
Hvað gerist í málum sjómanna

Arið 1961 hættu sjómenn að taka þátt í olíukostnaði og öðrum útgerðarkostnaði. Skiptaprósenta var þá lækkuð úr 35-40% í 29,5-30%. Skiptaprósenta hefur haldist nær óbreytt síðan. Eftir breytingar á hlutaskiptum og útgerðarkostnaði fór að bera á því að sett voru lög og reglugerðir þar sem sífellt stærri hluti .var tekinn af óskiptu fiskverði. Þannig þróaðist það sjóðakerfi sjávarútvegsins sem nú er. Skiptaprósentan hækkaði ekki neitt þó sjómenn greiddu stærri hluta af eignahluta sínum í sjóðina. Nú á að framkvæma "leiðréttingu" á sjóðakerfinu. Endurskoðunin er þannig, að 4000 milljónum minna verður tekið af óskiptu fiskverði en áður. (Á árinu 1975 voru teknar 3765 milljónir af eignarhluta sjómanna og settar í sjóðina) Þessar 4000 millj. sem teknar voru af óskiptu fiskverði verða nú teknar af sjómönnum með því að lækka hlutaskiptin.

Samninganefnd sjómanna og L.Í.Ú. virðast hafa komið sér saman um að blekkja sjómenn með því að færa hluta sjóðanna með því að færa hluta sjóðanna aftur út í fiskverðið þannig að það hækkar um c.a. 25% Þessi hækkun fiskverðs samfara lækkun hlutaskipta 8% hækkun á kaupi sjómanna (að meðaltali). Fiskverð er hins vegar í höndum fiskkaupenda og ráða sjómenn litlu þar um. Verðið er háð geðþótta kaupendanna. Þannig þýðir þetta mikla kjaraskerðingu fyrir sjómenn. Hægt er að lækka kaup sjómanna gríðarlega með því að lækka fiskverðið.

Hér er dæmi um, hvernig "leiðréttingin" var sem samninganefnd sjómanna lagði fyrir félögin. Skuttogari af minni gerð, sem á síðastliðnu ári fiskaði fyrir 120 milljónir á að fá 24 % hærra fiskverð fyrir sama


frh bls 4.

frá austfjörðum

Samstaða sjómanna

Þegar ríkisfjölmiðlar senda út fréttir um að samstaða sjómanna væri brostin, verkföllum frestað hér og þar á landinu og togarar farnir á sjó, þrátt fyrir að samningsdrögin hafi verið felld á mörgum stöðum, fannst mörgum vafalaust súrt í broti. Er samstaða sjómanna virkilega svona haldlítil, þegar í harðbakkann slær?

En séð héðan frá Austfjörðum kemur annað í ljós. Vissulega komur fréttir í fjölmiðlum um að verkföllum hefði verið frestað hér á Norðfirði, Börkur væri á leið heim með loðnu "hjól atvinnulífsins farin aftur að snúast". En sannleikurinn er sá, að hér logaði allt í óánægju og samstaða togarasjómanna aldrei sterkari. Verkalýðsforystan hafði veitt Berki undanþágu til loðnuveiða um leið og samningar höfðu verið undirirtaðir fyrir sunnan og hafði greinilega gert ráð fyrir að samningarnir yrðu samþykktir í snarheitum og togararnir drifnir út, eins og svo oft áður. En svo fór að kvisast um innihald samninganna og þegar fréttist að Börkur væri á leið í land með loðnu, ætlaði allt vitlaust að verða. Hér kom aldrei til mála að togarar





færu út, fyrr en sjómenn hefðu sjálfir tekið afstöðu til samninganna.

Og brátt kom í ljós hvílíkir smánarsamningar þeir voru. Á fundi sjómannadeildar Verkalýðsfélags norðfirðinga voru umræður heitar og deilt hart á verkalýðsforystuna. Fannst mörgum að hún hefði verið "heilaþvegin" fyrir sunnan, ef ekki

Frh. bls. 4



STÉTTABARÁTTAN 6. tbl. 5. árg.
25. 3. 1976

Útg.: Kommúnistasamtökin m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út mánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík.
Sími: 27810.
Gíronr.: 27810.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Reynslan af verkföllunum

Árangur allsherjarverkfallsins verður að meta annars vegar út frá þeim kjarabótum sem náðust, en hins vegar út frá því hver árangurinn varð af þeim baráttuaðferðum sem beitt var.

Ef við tökum fyrst fyrir kjarabæturnar sjáum við að árangurinn hefur verið mjög lítill miðað við kjaraskerðingarnar undanfarið. Kauphækkunin, sem skipt hefur verið í fjögur stig (6% í mars, júlí og október, 5% febr. ´77) gera ekki meir en svo að halda nokkurn veginn í þá verðbólgu sem áætluð er að verði á þessu ári. Þessir samningar hafa því ekki orðið til að vinna upp neina kjaraskerðingu eins og ASÍ hafði lofað. Þessi staðreynd er jafnvel viðurkennd af ASÍ-forystunni. Hún segir að árangurinn af verkfallinu hafi ekki náð að vinna á nokkurn hátt upp 30% kjaraskerðinguna sem varð á síðasta ári. Aftur á móti telur ASÍ-forystan samningunum það helst til tekna að "rauðu strikin" komi í veg fyrir áframhaldandi kjaraskerðingu á samningstímanum.

Sú staðhæfing að "rauðu" strikin gegni þessu hlutverki er því mið ur bara ekki rétt. Þessi "rauðu" strik staðfesta og ganga einmitt út frá að kjaraskerðing verði og hún nemi að minnsta kosti allri launahækkuninni. Þau eru því aðeins til að staðfesta að verðbólgan hafi étið upp alla kauphækkunina á tímabilinu, annað eða meira en það geta þau ekki verið.

Ef verkalýðsforystan hefði raunverulega viljað tryggja kaupmáttinn og sleppa öllum blekkingum, hefði verið samið um vísitölubindingu launa. En eins og menn muna er sú krafa í banni hjá ASÍ í dag eða með orðum þeirra sjálfra: "forðast ber víxlverkun kaupgjalds og verðlags." Eða með öðrum orðum, forðast skal launahækkanir í samræmi við verðhækkanir. Þessari stefnu ASÍ-forystunnar verður gjörsamlega að hafna og berjast fyrir fullum vísitölubótum á öll laun. Einnig verður að setja upp takmarkið að 40 stunda vinnuvika nægi til framfærslu, þar sem stöðugt fleiri hafa ekki annað en dagvinnu til framfærslu vegna samdráttar í mörgum greinum framleiðslunnar. Jafnframt þessu verðum við að krefjast þess að atvinna verði tryggð og komið verði í veg fyrir atvinnuleysi, með opinberum ráðstöfunum.

Í þessu verkfalli fór verkalýðsforystan algjörlega að kröfum atvinnurekenda og stöðvaði alla atvinnuhópa samtímis. Burtséð frá því hvort þeir styrktu frekar verkfallið með því að halda áfram vinnu eða ekki. Þannig voru t.d. iðnaðarmenn látnir fara út í verkfall þegar mjög lítið er að gera hjá þeim og jafnvel töluvert atvinnuleysi hjá sumum. Þannig urðu þeir til að veikja verkfallið og jafnvel notaðir til að réttlæta smánarlega litla kauphækkun til þeirra lægstlaunuðu, því að allir urðu jú að fá jafnt.

Þetta allsherjarverkfall hafði aftur á móti þau áhrif á atvinnurekendur að þeir gátu staðið algjörlega saman og engir pressuðu á samninga, því öll vinna var stopp, enginn þeirra hafði því neina sérstaka hagsmuni umfram aðra. Þeir stóðu því sem ein blokk að því að berjast gegn öllum raunverulegum kauphækkunum og sú staðreynd að samningsumboðin höfðu verið tekin úr höndum einstakra félaga varð til þess að þetta tókst.

Á þennan hátt þjónaði það skipulag sem ASÍ-forystan notaði í verkfallinu atvinnurekendum en ekki verkalýðnum. Sú miðstýring og slík allsherjarverkföll sem VSÍ og íhaldið eru alltaf að krefjast að verði staðfest með lögum er því í óþökk verkalýðsins og stend ur gegn hagsmunum hans. Slík skipulagning leiðir ekki af sér aðrar niðurstöður en að allir verða skornir niður við sama trog. Hvort sem þeir hafa 50 eða 80 þús. kr. á mánuði eins og nú var gert, en ekkert tillit tekið til sérstakra þarfa þeirra lægslaunuðu.

Eina leiðin tilað árangur náist er því að hafna þeirri miðstýringu sem VSÍ krefst og ASÍ tekur undir. Krafa okkar hlýtur því að vera, til að verja hagsmuni verkalýðsins, að samningarnir verði fengnir félögunum í hendur. Aðeins á þann hátt verður hægt að verja hagsmuni hinna lægstlaunuðu og koma í veg fyrir algjör svik hinnar uppkeyptu ASÍ-forystu og verja vígstöðu verkalýðsins í auknum efnahagsörðugleikum.

20/3

Kommúnisti látinn



Sverrir Kristjánsson lést 26. febrúar síðastliðinn. Hann var fæddur 1908 og var því nálægt sjötugu er hann lést.

Með honum er genginn ötull málsvari kommúnismans og verkalýðsins um langt skeið.

Þótt Sverrir væri með glæsilegri sagnfræðingum landsins og góður rithöfundur og þýðandi, hlotnaðist honum ekki viðurkenning samkvæmt því af hendi ríkisvalds auðvaldsþjóðfélagsins á Íslandi. Hann fékkst við kennslu í gagnfræðaskóla, mestan part, eftir að hann lauk námi, þanngig að tími til sagnfræðirannsókna varð ekki mikill. Samt liggur eftir hann mikið af ritum og þýðingum. Má þar nefna dönsku skáldsöguna Jökullinn eftir Johannes V. Jensen, auk annarra skáldsagna. Af pólitískum ritverkum má nefna Kommúnistaávarpið, eftir Marx og Engels, Lenínismann eftir Stalín og nú nýlega Stalín eftir Murphy, sem kom út skömmu fyrir jól. Einnig má nefna ritgerð um kommúnistaávarpið, kennslubók í mannkynssögu auk margs annars. Ræður og riss hét bók með úrvali ræða og ritgerða Sverris, og var gefin út 1962.

Sverrir var um skeið virkur félagi í Félagi ungra kommúnista á þriðja áratugnum, áður en hann sigldi utan til náms. Síðan var hann framarlega í Sósíalistaflokknum - Sameiningarflokki alþýðu.-

Þótt Sverri hafi ekki verið hampað af afturhaldssömu auðvaldsþjóðfélagi og það átti sér eðlilegar orsakir, var hann ekki aldeilis vinalaus. Alþýða Íslands kann honum bestu þakkir fyrir starf hans, því fyrir hana starfaði hann.

Kommúnistasamtökin hylla minningu Sverris Kristjánssonar.

-/eb

Kínversk tímarit

CHINA RECONSTRUCTS
Tímaritið kemur út mánaðarlega og fjallar um alla þætti kínversks þjóðlífs, sögu og menningar. Tímaritið er gefið út á ensku, frönsku, spænsku og fleiri málum.

CHINA PICTORIAL
Myndskreytt mánaðarrit með smátextum um ýmis efni úr kínversku þjóðlífi. Kemur út á ensku, frönsku, sænsku og fleiri málum.

CHINESE LITERATURE
Mánaðarrit með þýðingum á smásögum, ljóðum og greinum um bókmenntir og listir. Einnig birtast í ritunu þættir um fornleifafræði.

PEKING REVIEW
Tímaritið fjallar um kínversk málefni og alþjóðamál og túlkar skoðanir stjórnvalda í Peking. Það kemur út vikulega.

CHINA´S FOREIGN TRADE
Tímarit um kínverskan iðnað og verslun. Gefið út ársfjórðungslega.

EL POPOLO CINIO
Tímarit um ýmsa þætti kínversks þjóðlífs, gefið út mánaðarlega á Esperanto.

Verð tímaritanna er frá 300 kr. fyrir hvert ár til 720 kr. fyrir þriggja ára áskrift. Þau hjálpa mönnum til aukins skilnings á nýrri menningu kínversku þjóðarinnar. Áskriftasöfnun annast

Arnþór Helgason, Fornhaga 11, Reykjavík. Sími 12943.

Fréttatilkinning frá herstöðvaandstæðingum á suður nesjum

Vegna þess hve fréttaflutningur fjölmiðla af aðgerðum herstöðvaandstæðinga gefur ófullkomna og að mörgu leyti ranga mynd af tilgangi aðgerðanna og fjallar ekki um hverjir stóðu að undirbúningi og framkvæmd, vilja herstöðvaandstæðingar koma eftirfarandi á framfæri ásamt ályktun hins fjölmenna fundar í Stapa. Hlið um herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli var lokað frá kl. 6 til kl. 3.30. Aðgerðirnar fóru að öllu leyti friðsamlega fram og lauk með mjög fjölmennum fundi í Stapa þar sem flutt voru ávörp, skáld lásu úr verkum sínum og hljómlistarmenn skemmtu. Frumkvæðið að þessum aðgerðum áttu herstöðvaandstæðingar á Suðurnesjum, en þeir sem stóðu að eða studdu öll kjörorð aðgerðanna, sem voru: Ísland úr NATO - herinn burt. Enga samninga við breta. Herskipin út fyrir 200 mílurnar. Gegn rányrkju; voru eftirtalin félög:

Miðnefnd herstöðvaandstæðinga,
Kommúnistasamtökin m-l,
Einingarsamtök kommúnista m-l,
Alþýðubandalagið,
Víetnamnefndin,
SÍNE,
Stúdentaráð HÍ,
Stjórnir kennarafélags og menntadeildarráðs Flensborgarskóla,
INSÍ,
Rauð æska, félag ungra kommúnista,
Auk fjölda annarra hópa og einstaklinga.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Baráttan gegn NATO

Laugardaginn 13. þ.m. var öllum hliðum herstöðvarinnar á Miðnesheiði lokað. Þeir sem fyrir þessum aðgerðum stóðu voru herstöðvaandstæðingar á Suðurnesjum ásamt stuðningsaðilum úr nágrannabyggðum. Aðgerðirnar heppnuðust vel að flestu leyti þó svo að ýmsir sem hingað til hafa lýst sig herstöðvaandstæðinga hefðu unnið gegn því að aðgerðirnar gætu orðið. Á fundinum í Stapa sem var haldinn að loknum aðgerðunum kom fram hörð gagnrýni á Alþýðubandalagið og þá sérstaklega á Reykjavíkurdeild þess. Reynir Sigurðsson, einn af forgöngumönnum aðgerðanna og félagi í Alþýðubandalaginu í Keflavík, sagði að viðbrögð Alþýðubandalagsfélagsins í Reykjavík hafi valdið þeim í Keflavík meiri furðu og vonbrigðum en orð fá lýst. Hann sagði einnig að sumir herstöðvaandstæðingar teldu að baráttunni væri best sinnt með pappírsvinnu og orðaskaki. Hann taldi að ef að svona yrði að málum staðið þá þryfti kraftaverk til þess að væntanleg samtök herstöðvaandstæðinga yrðu annað en nafnið tómt.

Fundurinn fékk fjölmargar kveðjur frá mörgum félögum víða af að landinu - en stjórn Alþýðubandalagsins í Reykjavík felldi með yfirgnæfandi meirihluta að lýsa ekki yfir stuðningi við aðgerðina.

Ein önnur samtök neituðu að styðja þessa aðgerð (þótt sjónvarpið og útvarpið hafi reynt að rétta hlut þeirra með röngum fréttaflutningi) - hér er auðvitað um að ræða Fylkinguna sem með sínum endalausu "sérkröfum" skera sig nú úr leik hvarvetna. Í stað þess að styðja aðgerðina þá dreifðu fylkingarfélagar dreifimiðum þar sem það var útskýrt fyrir fólki að Fylkingin geti ekki skrifað undir kröfur "sem eru þó í sjálfu sér réttar" eins og segir í miða þeirra.

En þrátt fyrir þetta, og kannski þessvegna, fókst fundurinn í Stapa mjög vel - mörg hundruð manns sóttu hann og þar ríkti baráttuandi.

-/hh





Ræða Reynis Sigurðssonar á Stapa

Félagar.

Fyrir hönd herstöðvaandstæðinga á Suðurnesjum vil ég bjóða ykkur vel komin á þennan fund, og jafnframt þakka ykkur samveruna í dag og vona að fólk njóti þeirrar dagskrár sem hér er boðið upp á.

Aðdragandi og undirbúningur þessara aðgerða var í alla staði svo flókinn og umfangsmikill að því verður vart gert skil í stuttu máli, en þó mun ég leitast við að skýra það í stórum dráttum.

Fyrir nokkrum vikum tók til starfa starfshópur á vegum miðnefndar herstöðvaandstæðinga og var verkefni hans að kanna áhrif hersins á næsta nágrenni sitt. Þessum hópi var síðan skipt í fleiri starfseiningar sem hver fjallaði um mismunandi verkefni. Það var svo um svipað leyti og nokkrir útgerðarmenn hér um slóðir, lokuðu radarstöðinni í Rockwille, að ein starfseiningin, sú er fjallaði um félagsleg tengsl íslendinga og hersins, ákvað ásamt hluta úr öðrum starfseiningum að setja sér það markmið að koma af stað fjöldahreyfingu sem hefði það takmark að sýna fólki fram á meðal annars, að þær kröfur sem útgerðarmennirnir héldu á lofti væru rangar, enda byggðar á því að bandaríski NATO-herinn væri hér okkur til verndar og að það væri fyrst og fremst aðild Íslands að NATO sem gæti orðið þess að við næðum viðunandi samningum við breta. Til marks um þankagang útgerðarmannanna má nefna eftirfarandi yfirlýsingu eins forsprakka þeirra: "Við erum einlægir NATO-sinnar og yfirlýstir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar. Við viljum enga kommúnista og aðgerðir okkar eru í alla staði ópólitískar."



Reynir Sigurðsson

Það var og er eindregin skoðun okkar að áþreifanlegar aðgerðir ásamt stöðugum áróðri og upplýsingamiðlun um raunverulegt eðli NATO og hlutverk hersins á Íslandi sé áhrifameiri en pappírsvinna og orðaskak, eins og dæmin sanna.

Á grundvelli þessa höfum við undirbúning, og höfum unnið að því ásamt fleiri aðilum í þrjár vikur að aðgerðirnar mættu takast sem best og verða sem fjölmennastar. Þegar farið var að leita eftir undirtektum, kom frí mjög í ljós að forystulið einstakra félaga hallaðist frekar að því að pappírsvinna og orðaskak væri heppilegra af "baráttu" aðferð, og höfðu þar af leiðandi tilhneigingu til þess að draga sig út úr öllum undirbúningi og aðgerðunum, og gerðu það sumir hverjir, en aðrir komu með vegna þrýstings frá félagsmönnum viðkomandi félagsmanna, og á þetta aðallega við um stærri félögin, þó svo að þeir fylgi þeirra byggist að verulegu leyti á yfirlýstri andstöðu þeirra gegn hernum. Tregða forystumanna Alþýðubandalagsins og þó sérstaklega Reykjavíkurdeildar þess, til að leggja þessum aðgerðum okkar í dag lið, hefur valdið okkur herstöðvaandstæðingum hér syðra meiri furðu og vonbrigðum en orð fá lýst en það verður ekki rætt frekar hér.

Af starfi okkar í þessum aðgerðum höfum við dregið þann lærdóm, að ef ganga á til stofnfundar samtaka herstöðvaandstæðinga á næstunni eins og ætlunin er þurfum við öflugt átak, ef samtökin eiga að vera annað en nafnið tómt, m.a. má benda á að starfshópar eru fáir og flestir fámennir og eiga mikið starf eftir.

Að lokum viljum við, hópur herstöðvaandstæðinga á Suðurnesjum, hvetja fólk til að taka upp harðari og markvissari baráttu gegn hernum og NATO.

Ísland úr NATO - Herinn burt.

Ályktun frá F. Í. N. K.

Aðalfundur F. Í. N. K. 1976 samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun:

"Aðalfundur Félags íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn haldinn föstudaginn 6. febrúar 1976, lýsir yfir andstyggð sinni á undirlægjuhætti íslenskra ráðamanna, og þá sérstaklega forsætisráðherra í landhelgisdeilunni undanfarna daga og vikur. Við krefjumst tafarlausra stjórnmálaslita við breska heimsvaldasinna og úrsagnar úr NATO."

Albanía styður útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar

Blaðið Zeri i Popullit í Albaníu birti þ. 26. febrúar grein um landhelgismálið undir fyrisögninni: "Verjum þjóðarheiður og sjálfsákvörðunarrétt Íslands," þar sem lýst er yfir skilyrðislausum stuðningi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Blaðið bendir á, að bretar beiti við Ísland hinni alþekktu fallbyssubátapólitík heimsvaldaríkjanna, að reyna að rányrkja hráefnalindir annarra landa í krafti hervalds. Þannig fótumtroði bretar sjálfsákvörðun lítils sjálfstæðs lands er vilji vernda hagsmuni sína gagnvart stóru heimsvaldaræningjunum.

Blaðið fjallar síðan lauslega um viðbrögð íslenskrar alþýðu gagnvart árásum breta, mótmælafundir og samþykktir í verkalýðsfélögum o.þ.h. Ennfremur benda þeir á, að "slit stjórnmálasambands við breta er ekki aðeins slit á samskiptum tveggja nágrannaþjóða, heldur á sama tíma, slit á samskiptum milli tveggja aðilja að sama pólitíska og hernaðarlega bandalaginu, ný sprunga í NATO."

"Íslensk alþýða," skrifar blaðið, "hefur enn á ný orðið vitni að hegðun hins árásargjarna NATO-bandalags gegn lífshagsmunum sínum. Hún skilur æ betur að NATO og bandaríska heimsvaldastefnan sem stendur að baki NATO hefur aðeins áhuga á einu: Herstöðinni sem staðsett er á þessari norðlægu eyju."

Blaðið bendir á, að Ísland sé í flokki með mörgum öðrum litlum löndum sem eiga í vök að verjast gegn ásælni heimsvaldastefnunnar, sérstaklega gegn ásælni heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Það bendir á rányrkju sovétmanna við strendur Skandinavíu og rányrkju Bandaríkjanna við strendur Mexico. Að lokum segir blaðið:

"Ákveðni íslenskrar alþýðu við vörn efnahagshagsmuna sinna og sjálfsforræðis er fordæmi sem á sér stuðning allra þjóða og landa sem styðja frelsi og þjóðlegt sjálfstæði."

GERIST ÁSKRIFENDUR!
GERIST ÁSKRIFENDUR!

Hliðarráðstafanin og gervikauphækkanir

Eins og við bentum á í 2. tbl. Stéttabaráttunnar (sem kom út í verkfallinu) þá er rekinn harður áróður af hálfu auðvaldsblaðanna gegn verkföllum og kjarabaráttu verkalýðsins yfirleitt. Þessi áróður er mjög eðlilegur - hann er gerður í þágu þeirra sem vilja halda sínum gróða óskertum og greiða sem minnst laun jafnframt því sem þeir vilja pína sem mesta vinnu út úr verkalýðnum. Meginintak þessa áróðurs (fyrir utan yfirlýsingar um að atvinnuvegirnir þoli engar kauphækkanir) er að kauphækkanir í krónutölu séu með öllu vonlaust baráttumarkmið og leiði af sér verðbólgu - betra sé að einbeita sér að "hliðarráðstöfunum" til þess að freista þess að tryggja eða bæta kaupmátt launa. En þrátt fyrir þessi "góðu ráð" sem m.a. Morgunblaðið gefur verkalýðnum þá virðast atvinnurekendur ekki vera til viðtals um kjarabætur - hvorki í formi beinna launahækkana né í formi "hliðarráðstafana". Og þrátt fyrir að forysta verkalýðshreyfingarinnar væri með yfirlýsingum búin að lýsa því yfir að hún fyrir sitt leyti væri hlynnt alls konar ráðstöfunum (nema beinni kauphækkun á einu bretti - það skilgreindi hún sem hreint neyðarúrræði) þá skall á verkfall eftir tæpa þriggja mánaða setu inni hjá sáttasemjara.

Þannig ber allt að sama brunni - þótt verkalýðsforystan hneigist að "hliðarráðstöfunum" sem hljóta meðmæli í leiðurum Morgunblaðsins, og hafnar beinum kauphækkunum - þá er niðurstaðan áframhaldandi kaupmáttarrýrnun.

"Hliðarráðstafanirnar", s.s. verðstöðvun og skattalækkanir hafa reynst haldlitlar fyrir verkafólkið. Aftur á móti þá hafa aðrar ráðstafanir (sem ef til vill mætti flokka sem "hliðarráðstafanir") reynst haldbetri, og við erum ekki að ræða um verkafólkið núna, við erum að ræða um ráðstafanir sem eru gerðar til þess að viðhalda gróða atvinnurekenda og braskara. Þær ráðstafanir heita gengisfelling, afnám vísitölubindingar launa o. fl.

Nú liggur það ljóst fyrir að meira að segja þær gervikauphækkanir sem fengust fram með síðustu samningum fara beint út í verðlagið. Bæði forystumenn atvinnurekenda og málgögn ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að slíkt sé óhjákvæmilegt. Verkalýðurinn hefur alls ekki efni á því að samþykkja "hliðarráðstafanir" né gervikauphækkanir, þess vegna verður hann að berjast jafnt gegn atvinnurekendum, ríkisvaldi og svikaforystunni sem nú situr í æðstu stólum heildarsamtaka alþýðufólks. -/HH

Framhald af forsíðu.

Bréf frá sjómanni.

tonnafjölda (að óbreyttu fiskmati). Aflaverðmæti yrði þá 148,8 millj. En atvinnurekendur og samninganefnd sjómanna komu sér saman um að lækka skiptaprósentuna. Á minni skuttogurunum lækkar skiptaprósentan um 0,42% eða úr 2,30% í 1,88%. Hlutur háseta úr 120 millj. aflaverðmæti (skiptaprósenta 2,30%) er 2,762 milljónir króna. Hlutur háseta úr 148,8 millj. aflaverðmæti yrði hins vegar 2,797 millj. kr. með nýju skiptaprósentunni eða aðeins 35000 kr. hærra árskaup, sem þýðir lækkun rauntekna sjómanna.

Hér er dæmi um hvað hásetar og skipstjórar á nokkrum minni skuttögurum greiddu í sjóðina af eignarhluta sínum árið 1975:

Guðbjartur ÍS 16
Skipstjóri: 891.204,00 kr.
Háseti: 445.602,00 kr.

Aðalvík KE 95
Skipstjóri: 726.984,00 kr.
Háseti: 363.492,00 kr.

Arnar HU 1
Skipstjóri: 811.716,00 kr.
Háseti: 405.858,00 kr.

Bessi ÍS 410
Skipstjóri: 939.330,00 kr.
Háseti: 469.665,00 kr.

Guðbjörg ÍS 40
Skipstjóri: 966.690,00 kr.
Háseti: 483.345,00 kr.

Krafa sjómanna er að fá þessa peninga, sem voru ranglega teknir af eignarhlut þeirra til baka. Sjómenn höfnuðu yfirleitt að afsala sér eignarhluta sínum í afla skiptanna. Þess vegna felldu þeir samningana.

Framhald af bls. 7

USSR-

afla Sovétríkjanna í evrópuhluta þeirra og löndum Austur-Evrópu. Þessi herafli er búinn öllum fullkomnustu vopnum sem völ er á, og fjöldi hermanna vex stöðugt. Um 20 skriðdrekaherdeildir beina byssukjöftunum gegn V-Evrópu, reiðubúnar til að renna inn í hana og sanna "að árásir sem koma að óvörum hafa sannað mikilvægi sitt."

Allt tal Brésnéfs um slökun spennu og afvopnun er ekki annað en tilraun til að draga hulu yfir aukinn vígbúnað og árásarfyrirætlanir. Hitler talaði líka um frið og undirritaði friðarsáttmála og þegar Sovétríkin hernámu Tékkóslóvakíu stóðu yfir friðarviðræður milli landanna í Moskvu. Það er rétt að 'skoða ástandið í Evrópu út frá þessum staðreyndum til að geta gert sér betur grein fyrir árásareðli sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar.

-/ÓI byggði á greinum úr Peking Review nr 1-5 '76

Framhald af bls. 6

Endursk. í 20 ár

Sovéskur verkalýður, sem braut á bak aftur veldi gömlu saranna, og sigraði heri nasismans, hann mun einnig brjóta niður veldi hinna nýju sara. Nú þegar hefur hafist skipulagning við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja - á sama hátt og bandarísku heimsvaldasinnarnir þá munu sósíal heimsvaldasinnarnir hljóta réttlátt hatur alþýðunnar og lenda á ruslahaug sögunnar, þegar sósíalisminn rís á nýjan leik í landi Lenins og Stalíns. -/hh

Samstarfsnefnd sjómanna

Nokkurs misskilnings hefur gætt í sambandi við Samstarfsnefnd sjómanna. Nefndin varð þannig til, að yfirmenn á fiskiskipaflotanum ákváðu að sigla flotanum í land og krefjast endurskoðunar á sjóðakerfinu, sjómönnum til hagsbóta. Með heimsiglingu flotans voru þeir að fremja ólöglega aðgerð, sem forystumenn sjómannafélaganna vildu ekki taka ábyrgð á. Sjómenn kusu sér því nefnd úr eigin röðum til að sjá um aðgerðirnar.

Samstarfsnefndin leggur megináherslu á að hvetja sjómenn til umræðna um málefni sín. Hún er opin öllum starfandi sjómönnum. Samstarfsnefndin lítur ekki þannig á sig, að hún eigi að segja sjómönnum fyrir verkum, heldur þvert á móti, að samstarfsnefndir eigi að stofna í öllum plássum og hlutverk þeirra eigi að vera að hvetja sjómenn til umræðna og móta kröfur starfandi sjómanna og koma þeim fram á fundum félaganna. Samstarfsnefndirnar eru í mótun og endanlegt form þeirra liggur ekki fyrir, en þróunin og endurvakningin í félagsmálum sjómanna er mjög ör. Í Vestmannaeyjum hefur þegar verið stofnuð samstarfsnefnd sjómanna.

Öllum velunnurum sjómannastéttarinnar ber að styðja sjómenn í baráttunni fyrir mannsæmandi lífskjörum. Það er rétt að á fundi samstarfsnefndar sjómanna, sem haldinn var á Hótel Sögu 26/2 (þar mættu um 400 sjómenn) kom skýrt í ljós að menn voru ekki vanir félagsstörfum (eins og eðlilegt er með starfandi sjómenn) en það kemur ekki til með að hindra sjómenn til lengdar, því aðalatriðið er að nefndirnar séu samsettar af starfandi sjómönnum, hitt kemur af sjálfu sér.

Samstaða

Stuttu áður en að verkfalli verkakvennanna á Akranesi lauk, samþykkti fundur í skólafélaginu Huginn (í Menntaskólanum Akureyri) stuðningsyfirlýsingu við baráttu verkakvennanna. Ennfremur samþykkti félagið að leggja 50.000 kr í verkfallssjóð verkakvennanna.

Stéttabaráttan fagnar þessari samþykkt menntskælinga á Akureyri. Þessi samþykkt er enn ein vísbending þess, að róttækir námsmenn taka stöðugt virkari þátt í þjóðfélagsmálum - við hlið verkalýðsins.

Verkfallsbrot

Grófustu verkfallsbrot þessa verkfalls voru framin af eigendum Guðmundar RE og Gísla Árna. Þessi skip héldur til veiða þrátt fyrir að verkfall stæði enn yfir. Óstaðfestar fréttir herma, að tveim skip verjum af Guðmundi RE hafi verið sagt upp störfum, þegar þeir neituðu að taka þátt í verkfallsbrotum. Sjómenn verða að krefjast þess að forystumenn sjómannasamtakanna grípi til alvarlegra aðgerða gegn svona glæpastarfsemi. Þeir sem ráðast gegn sjómönnum á jafn grófan hátt og þessir þokkapiltar eiga að sæta hörðustu viðurlögum sem samtök sjómanna geta komið yfir þá. Sjómenn látið verkfallsbrjótana ekki sleppa.

Framhald af forsíðu

Gegn miðstýringu

þannit til þess fallinn að slá tvær flugur í einu höggi, í fyrsta lagi veikir hann verkalýðshreyfinguna þar sem baráttufúsir hópar og félög eru sviptir eigin samningsrétti, og í öðru lagi er með honum unnið að því að sópa öllu valdi innan verkalýðshreyfingarinnar undir hatt ASÍ-forystunnar. Lokapunkturinn á þessari þróun yrði að völd ASÍ-forystunnar væri sett í lög (þ.e. vinnulöggjöfinni breytt) og öll barátta sem hún fæst .ekki til að samþykkja væri þar með orðin ólögleg.

Margir forystumenn í smærri verkalýðsfélögum og félögum verkakvenna hafa lýst opinberlega yfir andstöðu sinni gegn þeim fyrirætlunum að skerða samningsrétt einstakra verkalýðsfélaga. En það verður að gera meira, það verður að krefjast þess að æðstu toppar ASÍ skýri frá afstöðu sinni opinberlega. Það er ekki hægt að láta þá vera óáreitta í nefnd með Vinnuveitendasambandinu þar sem þessi mál eru rædd bak við luktar dyr. Ennfremur verður að gera verkafólki ljóst hvað það hefur í för með sér ef hlaupasnötum auðvaldsins innan verkalýðshreyfingarinnar tekst að auka völd sín.

Látum ekki skerða réttindi okkar - til baráttu fyrir auknu lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar.

-/HH

Framhald af forsíðu.

Samstaða-

eitthvað verra. En þegar fulltrúar verkalýðsfélaga við samningaborð eru sjálfir atvinnurekendur, er óþarfi að leita langt yfir skammt til að finna orsakir linkindar þeirra.

Að lokum var ákveðið að togararnir færu út í tíu daga og skildu eftir 1 mann af hverri áhöfn í landi til að gera ný samningsdrög. Skyldu allir togararnir koma inn samtímis að 10 dögum liðnum og greiða atkvæði um nýju drögin, og ef þau yrðu ekki samþykkt, yrði samstundis lýst yfir algjöru sjómannaverkfalli án alls þeirra undanþága sem verkalýðsforystan hafði veitt í trássi við vilja togarasjómanna. Hér er um að ræða 6 togara frá Neskaupstað, Eskifirði, Seyðisfirði og Vopnafirði. Þegar þetta er skrifað eru þeir ennþá á sjó, en eiga að vera komnir heim fyrir þann 17da. Athyglisverð hefur verið sú sterka samstaða sem hefur myndast meðal togarasjómanna hér, og hafa fréttir um brostna samstöðu einungis aukið óánægju þeirra. Okkur er spurn: Fyrst fréttir héðan voru svo villandi, hverju á þá að trúa um fréttir annars staðar frá? Ríkisfjölmiðlar hafa gífurlegt áhrifavald í slíkum málum hér úti á landi, og þeir syngja auðvitað söng þeirra sem völdin hafa. En sjómenn hér fyrir austan eru reynslunni ríkari og sjá nú nauðsyn þess að styrkja og skipuleggja samtök sín í baráttunni gegn sameiginlegum stéttaróvini.

-/P

Það er ekki hægt að breiða yfir atvinnuleysið

Endurskoðunarklíka sovésku liðhlaupanna hefur ávallt reynt allt sem í hennar valdi hefur staðið til að breiða yfir þann nakta raunveruleika, að sovésk vinnandi alþýða hefur verið gerð að launavinnumönnum.

En það sem er rangt verður fyrr eða síðar afhjúpað.

Sovétskaja Rossija og önnur sovésk blöð og tímarit hafa skýrt frá því, að síðan 1969 hefur svokölluðum "atvinnuskrifstofum fyrir búsetta" verið komið á laggirnar víða í Sovétríkjunum. Þessar skrifstofur hafa það hlutverk að útvega þeim vinnu, sem ekki taka þátt í félagslegri framleiðslu. Þær eru í öllum höfuðborgum sjálfstjórnarlýðveldanna og í höfuðborgum svo til allra landshluta og svæða, höfuðborgum með meira en 100.000 íbúum. Í rússneska lýðveldinu eru slíkar skrifstofur í 116 borgum. Sovétblöðin hafa upplýst, að frá því að til skrifstofanna var stofnað hafi þær haft yfirdrifið nóg að gera og sumsstaðar hafa biðstofurnar verið yfirfullar og auk þess endalausar raðir af fólki. Í Rússlandi og Kasakstan voru umsækjendur um vinnu alls nokkrar milljónir frá 1969 til 1974. Sovésk yfirvöld vilja þó ekki kalla þetta atvinnuleysi, heldur "hreyfanleika starfsliðs".


Í rauninni eiga sovésku yfirvöldin við flutninga atvinnulausra verkamanna og annars vinnandi fólks í leið að nýjum atvinnurekendum til að selja vinnuafl sitt, er þau tala um "hreyfanleika starfsliðs". Á hverju ári er mikið um slíka "hreyfanlega" verkamenn í Sovétríkjunum í dag. Sovésku endurskoðunarsinnarnir hafa viðurkennt að "þeir séu um 20% af verkamönnum í iðnaðarfyrirtækjum og 30% í byggingariðnaðinum." Sé tekið mið af þessum tölum um "hreyfanleika", þá hefur árlegur fjöldi farandverkamanna fíðnaði verið um sex milljónir síðan 1970. Samkvæmt lærðum áætlunum sovésku endurskoðunarsinnanna þarf þetta fólk að bíða að meðaltali í 28 daga eða lengur til að fá ný störf. Blaðið Sotsíalistiséskí Trud hefur dregið fram í dagsljósið, að af 207.000 mönnum í Kasak-lýðveldinu sem sóttu um vinnu í "atvinnuskrifstofunum" árið 1973, voru fleiri en fjórðungur atvinnulausir í nokkra mánuði eða í meira en ár. Þessir farandverkamenn voru hvorki í nokkrum samtökum né höfðu haft nokkuð að gera í svo langan tíma. Hvað er þetta annað en atvinnuleysi?

Þá skulum við líta á ástæðurnar fyrir þessum "hreyfanleika" verkamanna. Atvinnuleysi í auðvaldsheiminum stafar aðalega af óseðjandi áfergju kapítalistanna í gróða og fjöldauppsögnum. Þetta er einnig tilfellið í Sovétríkjunum í dag. Til þess að tryggja sem mestan hugsanlegan gildisauka hefur skrifræðislega einokunarauðvaldsstéttin í Sovétríkjunum tekið upp hið alræmda "Sékínó-kerfi" til að segja upp stórum hópum verkamanna. Frá því hefur verið greint, að 1.300 verkamönnum og starfsmönnum hafi verið sagt upp af Sékínó-efnaverksmiðjunni frá 1969 til 1973. Margar verksmiðjur og námur hafa fylgt fordæmínu, enda hafa sovésku endurskoðunarsinnarnir auglýst kerfið rækilega upp. Fram að 1. júlí 1973 voru 70.000 verkamenn og starfsmenn reknir úr 292 fyrirtækjum í rússneska lýðveldinu einu saman. Og það sem meira er, forstjórar ýmissa fyrirtækja í Sovétríkjunum hafa notað hvers konar tylliástæður til að segja upp gömlu fólki og veikburða, barnshafandi konum og mæðrum með brjóstabörn. Einkum hafa þeir oft fengið að taka saman pjönkur sínar, sem neita að gerast augnaþjónar yfirmannanna. Afleiðing alls þess hefur verið sú, að fjöldi rekinna verkamanna hefur aukist mikið. Í armenska lýðveldinu var fjórðungi iðnverkamanna sparkað árið 1974 og önnur 12,3 þúsund við á fyrri helmingi ársins 1975. Varalið iðnaðarins hefur þannig aukist stórum en verkamenn, sem sagt hefur verið upp, hafa bæst í raðir farandverkamanna. Er ekki sannleikurinn um hinn svokallaða "hreyfanleika starfsliðs" ljós?

Snarað lausl. úr Peking Review/óhs.

Billy Graham

Alltaf þegar kreppa kapitalismans hefur dýpkað, hafa komið upp afturhaldshreyfingar sem reyna að verja auðvaldið eða beina óánægju alþýðunnar í farveg sem er óskaðlegur auðvaldinu. Í Bandaríkjunum hafa þessar hreyfingar gjarna tekið á sig form trúarofstækis þar sem einhver brillfantínsmurður trúboði með tannkremsbros og langa handleggi hefur lagt af stað í vakningarherferð til að svæfa múginn. Margir muna vafalaust þegar Billy Graham reyndi að svæfa óánægju manna með Víetnamstríðið með því að lýsa því yfir úr prédikunarstól að "hermenn okkar í Víetnam eru hermenn guðs." Þessi sami maður, Billy Graham, er nú kominn af stað aftur, og nú er það heimsendir sem hann boðar. Meðfylgjandi úrklippu rákumst við á í New York Times frá 4. febrúar:


...e Billy Graham interpreted the Communist takeover in South Vietnam as a sign of the last days. Mr. Graham tells Wilson: "Pal, it seems the end of the world is in sight. We'd better stop building in this world and start preparing for the next world."

Hún hljóðar svo:
"Billy Graham túlkaði valdatöku kommúnista í S-Víetnam sem merki um að síðustu dagar heimsins væru upprunnir. Mr. Graham sagði við Wilson: Félagi, það virðist sem heimsendir sé í augsýn. Við ættum að hætta að byggja upp þennan heim og byrja að undirbúa okkur undir þann næsta."

Ætli íbúar S-Víetnam hafi ekki verið honum sammála að því leyti að frelsun S-Víetnam þýddi endalok heims arðráns og kúgunar í Víetnam, en vafalaust meinar Graham þetta ekki þannig. Samkvæmt nýjustu fréttum frá Bandaríkjunum verður heimsendir þ. 2. janúar árið 2000, kl. 7:32 (6:32 eftir Greenwich). Þá hafið það.

Jafnaðarstefna í 60 ár (afmælisgrein)

Alþýðuflokkurinn hefur lifað í 60 ár. Eins og ruglaður öldungur slær flokkurinn sér nú á brjóst og þykist vera hinn sanni talsmaður jafnaðarstefnunnar og telur sig dyggðum prýddan. Svona út af fyrir sig þá má jafnaðarhugtakið gjarnan hanga kyrrt hjá Alþýðuflokknum (reyndar seilist nú Alþýðubandalagið í titilinn af miklum móð), því hvert er inntak þessa jafnaðar þeirra? Er það ekki frekar ómerkilegt eftir allt saman - duga ekki 60 ár til að sanna það?

Ef við skoðum hugtakið nánar þá er ljóst að þessir jafnaðarmenn hafa að eins náð tiltölulegum jöfnuði á einu sviði - þ.e. að flokksforystan hefur náð sambærilegum bitlinga- og tekjumöguleikum og hinir flokkarnir sem minna tala um jöfnuð en telja sig þó fylgja honum í raun.

Ef við köfum enn dýpra í allan þennan jöfnuð þá kemur auðvitað í ljós, að stefna þeirra jafnaðarmanna sem stjórna Alþýðuflokknum (og reyndar Alþýðubandalaginu líka) er stéttasamvinna - jöfnuður stéttanna. Slíku forkasta auðvitað sannir verkalýðssinnar, þeir vilja að verkalýðurinn taki völdin og byggi eigið þjóðfélag þar sem fyrri kúgarar njóta ekki "jafnréttis". Ef verkalýðurinn hefur völdin þá deilir hann þeim ekki með kapitalistunum - alræði öreiganna er það tímabil sem ríkir þar til allar stéttir eru útdauðar og kommúnískt þjóðfélag komið á. Þá fyrst er hægt að tala um jöfnuð. Eftir 60 ár fer nú þjónustu kratabroddanna við auðvaldið að ljúka - en nýir og slungnari endurbótasinnar (og engu minni jafnaðarmenn) hafa tekið við - inntakið í pólitík Alþýðubandalagsins er það sama. Látum það ekki hjara í 60 ár - gerum sögu þess stutta, byggjum kommúnískan flokk sem verður brynjaður þeirri reynslu sem fengist hefur af 60 ára svikum endurbótasinna við málstað verkalýðsins.

-/hh


Þessi mynd er af grunni Alþýðuhúsins við Hverfisgötu. Margur verkamaður lagði þar fram sinn skerf - en forystan sveik þá og notaði uppbyggingarstarf þeirra til að koma sjálfum sér "áfram", í embætti bankastjóra, ráðherra og óteljandi ráð og nefndir.

Landhelgisnefnd lögð niður

Þann 20. febrúar síðastliðinn stóð til að Fulltrúanefndin um landhelgismálið héldi opinberan fund í Austurbæjarbíói. Nefnd þessi var stofnuð í nóvember 1975, af FUJ, KSML, EIK(m-l), Æskulýðsnefnd ABR, FUF og Æskulýðsnefnd SFV. Þegar hér var komið sögu hafði EIK(m-l) verið vikið úr nefndinni fyrir óheiðarleg vinnubrögð. Verður ekki nánar farið út í þá sálma hér.

Fulltrúi FUF lýsti því yfir að félag hans samþykkti ekki að standa fyrir fundi með nefndinni. Ákváðu hin samtökin að boða til hans engu að síður.

Síðan gerist það, tveimur dögum fyrir ætlaðan fund, að fulltrúi Æskulýðsnefndar ABR hringir í fulltrúa KSML og tilkynnir honum að ÆNABR sé hætt í nefndinni. Alþýðubandalagsfulltrúinn hafði þá ekki lokið þeim verkefnum, sem honum höfðu verið falin af nefndinni. Hann sagðist þó hafa reynt að ljúka þeim, eins og það er trúlegt, í ljósi þess, að hann beið eftir tækifæri til að segja sig úr nefndinni.

Vegna þessa og hins að herstöðvaandstæðingar úr Keflavík komu að máli við Miðnefnd herstöðvaandstæðinga og Fulltrúanefndina og báðu um aðstoð til að standa fyrir aðgerðum við herstöðina í Keflavík, ákvað nefndin að hætta við fundinn og var síðan lögð niður.

Um ástæður ÆNABR fyrir úrsögninni, verður fátt eitt sagt. Samkv. beiðni fulltrúa KSML skilaði fulltrúi hennar skriflegri úrsögn. Þar segir m.a. um ástæðurnar, að það hafi verið áhugaleysi til að starfa að þessu máli á þessum grundvelli. Einnig er minnst á rifrildi í nefndinni, en það hafði leitt til brottrekstrurs EIK(m-l).

Undirritaður er þó fremur þeirrar skoðunar, að ástæðan sé sú, að forystumenn AB, séu ekki alls kostar ánægðir með samstarf einhverra alþýðubandalagsfélaga við KSML. Að vísu mótmælti fulltrúi æskulýðsnefndarinnar þessu við undirritaðan. Eitt er þó víst, að þrátt fyrir kokhreystilegar yfirlýsingar um að AB hafi enga afstöðu til og hræðis als ekki stofnun Kommúnistaflokks Íslands, þá eru þeir skelkaðir og hafa auk þess fulla ástæðu til þess.

-/eb.

Endurskoðunar-stefnan í 20

20. flokksþing Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna var haldið í febrúar 1956. Þetta þing var hið fyrsta sem haldið var eftir fráfall Stalíns - og það hófst á hefðbundinn hátt með skýrslu aðalritara miðstjórnarinnar, Krúsjoff. En þingið varð sögulegt - þar komu fyrst fram í dagsljósið algjör svik krúsjoff-klíkunnar við marxismann-lenínismann og hetjuríka sögu Sovétríkjanna og sovéska kommúnistaflokksins. Á þinginu hélt Krúsjoff hina frægu "leyniræðu" um Stalín, sjö klukkustunda ræðu sem enn þann dag í dag hefur ekki verið birt í Sovétríkjunum.

Rosafengnar árásir Krúsjoffs gegn Stalín virkuðu sem sprengja í herbúðum kommúnismans - yfirlýsingar hans um "glæpsamlega geðveiki" Stalíns vöktu fögnuð í herbúðum auðvaldsins og endurskoðunarsinna en reiði og oft rugling hjá framsæknu fólki um allan heim.

Nú, tuttugu árum eftir 20. þingið, hefur komið skýrt fram hvað það var sem vakti fyrir nýju leiðtogunum í landi Leníns - þeir réðust gegn öllu því sem áratuga sósíalísk uppbygging hafði áorkað og reistu á rústum þess gírugt og árásargjarnt heimsveldi, fasískt ríki sem nú otar sínum tota í kraft hernaðarmáttar um allan heim.



Krúsjoff og Brésnef á þingi KFSR Klíka þeirra náði völdum í flokknum og hreinsaði alla marxista-lenínista úr honum á skömmum tíma.

Þó svo að Krúsjoff gætti þess vel að nota nafn Leníns oft og lýsa marxismanum sem leiðarvísi, þá urðu niðurstöður 20 þingsins allar andmarxískar og svik við starf Leníns. Þingið markaði upphaf lævísra aðgerða til þess að rugla stjórnmálavitund sovéskrar alþýðu og læða inn borgaralegri friðarstefnu. Þingið var upphaf alþjóðlegs samningamakks Sovétríkjanna við Bandaríkin - svik við frelsisbaráttu kúguðu þjóðanna. Afstaðan til frelsishreyfinganna breyttist. Í stað stuðnings í anda alþjóðahyggju öreiganna komu nú tilraunir til þess að nýta sér ástandið í þágu eigin heimsvaldahagsmuna. Ennfremur voru byltingarkenningar marxismans-lenínismans yfirgefnar og í staðinn komu kenningar um friðsamlega leið til sósíalismans - um andeinokunarbyltinguna í stað sósíalísku byltingarinnar. Falsanir og útúrsnúningur á kenningum marxismans voru þau vopn sem skriffinnarnir og tæknikratarnir beittu fyrir sig til að tryggja völd sín.

Þróun Sovétríkjanna frá 20 þinginu hefur verið þróun frá sósíalísku ríki yfir í kapitalískt, fasískt ríki sem kemur fram sem gráðugt heimsvaldaríki um allan heim.

Hvað hefur áunnist?

Þegar Krúsjoff gerði árásir sínar á Stalín þá taldi hann "persónudýrkun" vera undirrót hins illa. Jafnframt því sem þessi persónudýrkun var fordæmd þá lofaði Krúsjoff sovétþjóðinni glæstri framtíð þar sem velferð þegnanna myndi enn aukast - hann lýsti því yfir að Sovétríkin væru komin á þröskuld kommúnismans. En hver hefur reyndin verið? Í dag ríkir skefjalaus kúgun, vopnaðri lögreglu er beitt gegn verkafólki, lítil klíka byrókrata og teknókrata lifir í vellystingum á meðan hagur verkafólks versnar. Sífellt stærri hluti þjóðartekna fer í hernaðaruppbyggingu, vöruúrval minnkar í verslunum og landbúnaðurinn er kominn í þrot. Landið sem er stærst allra ríkja getur ekki lengur brauðfætt þegna sína.

Hér er ekki um að ræða arf frá dögum Stalíns - hér er um að ræða afturför í stórum stíl, samtímis því sem landbúnaðurinn grotnar niður þá vex áfengisneysla og glæpir aukast. Nú er svo komið að í landinu þar sem öllum var tryggð vinna - og var fremur um skort á vinnuafli að ræða - nú eru verkamenn atvinnulausir og háðir duttlungum hinna nýju sara. Þeir eru ekki lengur herrar í eigin landi.

Dómur sögunnar er óvæginn, sé litið yfir s.l. tuttugu ára tímabil. Nú neyðast jafnvel forystumenn erlendra kommúnistaflokka (sem enn bera það nafn þótt innihaldið sé nú annað) vegna þrýstings frá meðlimum flokkanna að vera gagnrýnir á innanlandsástandið í Sovétríkjunum - landið sem áður var leiðarljós milljóna verkafólks um allan heim er nú litið augum tortryggni og vonbrigða.

Framhald á bls. 4

Kommúnistaflokkur stofnaður í Portúgal

Í lok desember var stofnaður marxískur-lenínískur flokkur, (Partido Comunista Portugal (Reconstruida) í Portugal. PCP(R) gefur út vikulega málgagn sitt Bandeira Vermelha (Rauði Fáninn) og stendur í leiðsögn verkalýðs og vinnandi alþýðu Portúgals í baráttunni gegn fasisma og heimsvaldastefnu. Í tilefni af stofnun PCP(R) sendi miðstjórn KSML flokknum svohljóðandi kveðjur: Félagar. Þær fréttir að þing ykkar í lok desember hefði stofanð PCP(R) glöddu okkur mjög. Það er gífurlega mikilvert að baráttan fyrir uppbyggingu raunverulegs marxísks-lenínísks framvarðarflokks hefur náð þessum áfanga. Portúgölsk verkalýðsstétt og vinnandi alþýða stendur frammi fyrir mjög alvarlegum vandamálum og sagan hefur sýnt að alþýðan getur aðeins orðið sigursæl undir leiðsögn sterks og sameinaðs marxísks-lenínísks byltingarflokks. Slíkur flokkur hefur nú verið stofnaður og þar með er framvörðurinn í baráttunni gegn fasisma, heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu skapaður.

Eftir margra ára svikula forystu liðhlauparanna og endurskoðunarsinnanna í Kommúnistaflokki Portúgals er gunnfáni marxismans-lenínismans hafinn á ný á loft af PCP(R) - flokki portúgalskrar verkalýðsstéttar. Við erum þess fullviss að PCP(R) mun sigrast á hinum fjölmörgu vandamálum í hörðu stríði við fasisma, heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu. Lönd vilja sjálfstæði, þjóðir vilja frelsi og alþýðan vill byltingu. Þetta er hin ómótstæðilega tilhneiging heimsframvindunnar og ekkert fær stöðvað hina vaxandi flóðöldu heimsbyltingarinnar. Í nafni íslenskra marxista-lenínista og íslenskrar verkalýðsstéttar sendum við ykkur bróðurlegar kveðjur og einhuga stuðning vorn. Lengi lifi alþjóðahyggja öreiganna! Lengi lifi vinátta portúgalskrar og íslenskrar alþýðu!

Í síðasta eintaki "Bandeira Vermelha" birtist grein um baráttu íslenskrar alþýðu gegn herstöðvunum og NATO og bresku yfirgangsseggjunum í landhelginni. Þar segir í niðurlagi greinarinnar: "Barátta íslenskrar alþýðu er fordæmi fyrir alla alþýðu Evrópu. Hún stendur andspænis bandarískri heimsvaldastefnu sovéskri sósíalheimsvaldastefnu og evrópskri heimsvaldastefnu., sérlega breskri og vesturþýskri. Þessir aðilar ásælast auðlindir og yfirráðasvæði íslenskrar alþýðu. Við lýsum yfir innilegum stuðningi okkar."

-/ver.

PROLETÁRIOS DE TODOS OS PAÍSES, POVOS E NAÇÕES OPRIMIDAS, UNI-VOS!

BANDEIRA VERMELHA

ÓRGÃO CENTRAL DO PARTIDO COMUNISTA PORTUGUÊS (RECONSTRUÍDO)

Stofnun deildar KPD (ml) í Austur Þýskalandi

Fyrir nokkrum dögum tilkynnti Kommúnistaflokkur Þýskalands m-l, (KPDm-l), stofnun deildar flokksins í A-Þýskalandi. Eins og segir í tilkynningunni, er þetta mikill áfangi í baráttunni fyrir sósíalisma, og þýðir ósigur afla heimsvaldastefnu, fasisma og afturhalds.

Marxisminn-lenínisminn sækir stöðugt á í heiminum. Það eru í dag fáir staðir þar sem ekki er að finna marxískar-lenínískar hreyfingar eða flokka, og sérstaklega er athyglisverð sú þróun er leitt hefur til að samtök og flokkar hafa risið upp í Sovétríkjunum og a-evrópuríkjunum. Í dag eru öflugir m-l-flokkar í Póllandi og Tékkóslóvakíu, og samtök marxista-lenínista sækja sig stöðugt í veðrið í öðrum löndum sem eru undir járnhæl sovésku heimsvaldastefnunnar.

Í yfirlýsingu frá KPDm-l um stofnun flokksdeildar í A-Þýskalandi er bent á að verkalýður landsins búi við tvöfalda kúgun: Annars vegar kúgun sósíalheimsvaldastefnunnar, sem notar leppríki sín sem hráefnalindir og mergsýgur þau í gegnum "gagnkvæmt efnahagssamstarf" Comecon. Fullveldi og sjálfstæði a-evrópuríkja er stöðugt ógnað af Varsjárbandalaginu og það er aðeins tæki sovétmanna til að kúga alþýðu þeirra. Yfirlýsingin leggur áherslu á að það er einungis hægt að sameina Þýskaland í gegnum óvægna baráttu gegn risaveldunum, með því að reka á brott erlent herlið sem situr á þýskri grund og með því að kollvarpa bandamönnum og leppum risaveldanna í A- og V-Þýskalandi með sósíalískri byltingu.

Stofnun deildar KPDm-l í A-Þýskalandi þýðir að áfram skal haldið þar sem frá var horfið af endurskoðunarsinnunum, baráttunni fyrir sameinuðu sósíalísku Þýskalandi, og hún merkir ósigur endurskoðunarstefnunnar.

Íslenskir kommúnistar senda KPD m-l og þýskri alþýðu heillaóskir í tilefni þessa, og óska þeim alls hins besta í komandi baráttu.

USSR - uppspretta nýrrar heimsstyrjaldar

Baráttan milli risaveldanna um heimsyfirráð harðnar stöðugt. Í öll um heimshlutum hefur þessi barátta leitt til vaxandi ólgu og ókyrrðar - sá neisti er kveikt gæti nýja heimsstyrjöld leynist allsstaðar þar sem hagsmunir risaveldanna skerast í odda. Mið-austurlönd, Kýpur, Angóla - átökin milli risaveldanna í þessum heimshlutum hafa leitt af sér spennu um víða veröld.

Hættulegasta uppspretta stríðs í dag eru Sovétríkin. Þau eru ungt heimsvaldaríki og brésnéf-klíkan er ekki ánægð í heimi sem þegar er skiptur milli heimsvaldaríkjanna í markaði og áhrifasvæði. Hún vill breytingu á valdahlutföllum sér í vil og reynir allt sem hún getur til að efla ítök sín. Það hefur leitt til algerrar hervæðingar Sovétríkjanna á öllum sviðum, allt frá pólitíska sviðinu, efnahags- og menningarsviðinu til hermálanna.

Sovétríkin - óbærileg kúgun innanlands

Kommúnistaflokkur Kína benti á fyrir 13 árum síðan, að það væri ekki sósíalismi í Sovétríkjunum, heldur hefði klíka endurskoðunarsinna náð völdum og héldi þeim í krafti fasísks einræðis. Fyrir sovéskri alþýðu, sem fasistarnir bæði óttast og hafa andúð á, er þetta bitur raunveruleiki. Innanlands ríkir algert hernaðar- og lögreglurríki. Her- og lögreglusveitir sem eru sérþjálfaðar í að berja niður mótmæli alþýðunnar hafa hvað eftir annað ráðist með vopnavaldi gegn mótmælagöngum, verkföllum og uppreisnum í öllum hlutum landsins.

Verkfallsrétturinn, sem áður var tryggður með stjórnarskránni, hefur verið afnuminn og að fara í verkfall er í Sovétríkjunum flokkað undir landráð. Leynilögreglan er allsstaðar og fylgist með alþýðunni, sérstaklega hermönnum og verkamönnum. Sá er sýnir minnstu andspyrnu gegn ógnarstjórn Brésnéfs er ofsóttur. Milljónir manna hafa lent í fangelsi, geðveikrahælum, fangabúðum, eða verið sendir í útlegð fyrir að mótmæla kúguninni. Eins og á tímum sarsins eru Sovétríkin í dag þjóðafangelsi. Opinberir fjölmiðlar eru undirlagðir stríðsáróðri þar sem hampað er stór-rússneskum þjóðarhroka og alþýðan er hvött til að leggja sitt af mörkum til að styrkja herinn og hernaðaruppbygginguna. Hinn fasíski heragi er eitt af tækjum brésnéf-klíkunnar til að undirbúa stríð.

Hagstjórn er miðuð við stríðsundirbúning

Gjörvöll stjórn framleiðslunnar er í höndum brésnéf-klíkunnar. Hin gífurlega miðstýring framleiðslunnar þar sem allir þræðir liggja til stjórnarstofnana ríkisins, síminnkandi lýðræðisleg réttindi verkalýðsins samfara harðnandi aga og refsiaðgerðum á vinnustöðvunum hefur leitt til þess að sovésk alþýða býr við miskunnarlausara arðrán í dag en á tímum keisaranna. Til að auka gróða sinn hefur klíkan aukið stöðugt útþenslustefnu sína, landsvæði hafa verið innlimuð, allt gert til að auka áhrifasvæði Sovétríkjanna, hráefni hafa verið keypt lágu verði frá þróunarlöndunum og fánýtar neysluvörur settar í staðinn, fjármagn hefur verið flutt út, allt gert til að varpa byrðum kreppunnar sem Sovétríkin eru í á herðar öðrum. Gjörvallt efnahagskerfi Sovétríkjanna er í dag knúið áfram eins og fyrir stríðsþarfir. Brésnéf sagði sjálfur að "það verði að leggja áherslu á hagkerfi sem tryggt geti hæfileika Sovétríkjanna til að heyja stríð, hvort sem er "hefðbundið stríð" eða kjarnorkustríð." Vopnaframleiðsla og framleiðsla beint tengd herþörfum hefur verið sett í fyrsta sæti, og henni hefur verið tryggð síaukið vinnuafl, hráefni, fjármagn og tækni. Sá hluti þjóðarteknanna sem rennur til hermála hefur sífellt vaxið, það var 13% 1960 en19,6% 1974. Þessi stóri hluti þjóðartekna til hermála er meiri en í Hitlers-Þýskalandi fyrir stríð (19%) og meir en hjá Bandaríkjunum á stríðstímum (Kóreustríðið 15%, Víetnamstríðið 10%). Þjóðartekjur Sovétríkjanna eru 66% þjóðartekna Bandaríkjanna en Sovétríkin eyða um 20% meiri fjármunum til hernaðar en Bandaríkin.

Meira en 60% iðnfyrirtækja í Sovétríkjunum eru tengd hernaðarframleiðslu, og af því fjármagni sem á undanförnum árum hefur verið veitt til fjárfestinga í iðnaði hafa 85% runnið til herframleiðslu en aðeins 15% til framleiðslu neysluvarnings. Þetta ofurkapp á herframleiðslu hefur leitt af sér afturför á öðrum sviðum iðnaðar og í landbúnaði með vöruskorti, verðhækkunum og versnandi efnahag alþýðunnar.

Herafli Sovétríkjanna hefur vaxið úr 3 milljónum manna 1960 í 4,2 milljónir í dag. International Institute for Strategic Studies (Alþjóðastofnun í hervísindum) í London áætlar varalið hersins um 25 milljónir manna, þar sem 6 milljónir hafa verið í herþjónustu undanfarin 5 ár. Það kerfi sem notað er við að fá menn til herþjónustu hefur verið aðlagað stríðsþörfum þannig að með litlum fyrirvara er hægt að stækka herinn til muna. Þetta kerfi á sér hliðstæðu í Prússlandi á tímum Bismarks og Þýskalandi Hitlers.

Jafnvægið í vígbúnaði milli risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna hefur mjög raskast á síðustu árum, sérstaklega vegna aukins viðbúnaðar Sovétríkjanna. Tala kjarnorkuvopna er nokkurnegin sú sama hjá báðum, og allar umræður um afvopnun og "detente" hafa ekki leitt til annars en að fjölgunin hefur verið samræmd. Floti Bandaríkjanna er stærri að tonnafjölda en sovétmenn hafa fleiri skip, sérstaklega hafa þeir fleiri kafbáta. Flugher bandaríkjamanna er stærri en sovétmanna en landher Sovétríkjanna er næstum því 100% stærri en sá bandaríski. Sovétríkin hafa 4 sinnum fleiri skriðdreka en Bandaríkin.

Ef talað er um efnahagslegan styrk eru Sovétríkin nokkuð á eftir Bandaríkjunum, þó að þau hafi unnið mikið á undanfarin ár. og á vissum sviðum hafi þau farið fram úr Bandaríkjunum. En til að flýta fyrir því að Sovétríkin nái sama efnahagslegum styrk og Bandaríkin hafa nýju keisararnir beitt lævíslegri aðferð: Þeir notfæra sér auð vesturlanda. Síðan 1965 hefur brésnéf-klíkan fengið þúsundir milljóna Bandaríkjadala í lánum, þeir hafa aðlagað vestrænt hugvit hergagnaiðnaði sínum með því að hagnýta sér nýjustu tækni vesturlanda, og þegar uppskerubrestur varð vegna þess hversu landbúnaðurinn var vanræktur sökum hernaðarþarfa, fengu sovétmenn næstum 100 milljónir tonna af hveiti frá vesturlöndum þannig að ekkert þurfti að draga úr útgjöldunum til hermála. Augu stjórnmálamanna í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu verða að opnast fyrir því hvað það getur þýtt að dæla þessu magni vara og fjármagns til Sovétríkjanna - það virkar eins og blóðgjöf á hernaðaruppbygginguna.

Árásarstefna Sovétríkjanna beinist gegn Evrópu

Æ fleirum er að verða ljóst árásar- og útþenslustefna Sovétríkjanna. Sovéskir leiðtogar hafa ekkert verið að fela ætlan sína. Þeir hafa hvað eftir annað lýst því yfir að "Sovétríkin séu í sögulegri sókn um allan heim" og "með hernaðarmátt sinn að bakhjarli verði enn að efla hana." Á fundi í Moskvu fyrir stuttu síðan sagði Brésnéf að Sovétríkin myndu "hefja öfluga sókn á alþjóðamælikvarða með aukinn "varnarmátt" og efnahagslegan styrk að bakhjarli."


Brésnéf-klíkan hefur ítrekað mikilvægi þess að vera "reiðubúin að berjast með hvaða vopnum sem er, með kjarnorkuvopnum eða ekki" og "undir ákveðnum kringumstæðum, sennilega aðeins með hefðbundnum vopnum." Sovésku endurskoðunarsinnarnir hafa í æ ríkari mæli hótað árásum með því að sýna vopnavald sitt. Þeir hafa lýst því yfir að "sovéski flotinn sé reiðubúinn að ráðast til árása hvar á hnettinum sem vera skyldi," og að "mikilvægi árásar sem kæmi óvininum að óvörum hafi vaxið mikið, slík árás sé í dag gífurlega mikilvæg út frá herfræðilegu sjónarmiði." Þannig hafa þeir raunverulega hótað að þeir muni verða fyrri til að gera árás. "Sovéski heraflinn er reiðubúinn hvenær sem er til að láta kné fylgja kviði í árás hvar sem er í heiminum" sagði sovéski varnarmálaráðherrann fyrir stuttu síðan.

Evrópa hefur alltaf verið sá brennipunktur sem athygli heimsvaldaríkja hefur beinst að, og í dag stendur barátta risaveldanna raunverulega um Evrópu. Sá sem ræður Evrópu ræður raunverulega meirihluta heimsins, því í Evrópu eru stjórnstöðvar jafnt efnahagslegar sem pólitískar sem gera það að verkum að sá sem ræður þeim á auðvelt með að seilast til áhrifa hvar sem eru um heiminn. Í Evrópu er að finna öll lykilhráefni jarðarinnar, þróaða tækni og menntað vinnuafl. Þess vegna hefur Evrópa verið vígvöllur tveggja heimsstyrjalda og mun verða vígvöllur þeirrar þriðju.


Sovétríkin halda Austur-Evrópu undir járnhæl þar sem allar tilraunir til sjálfstæðrar stefnumótunar eru barðar miskunnarlaust niður. Þetta þekkjum við frá Tékkóslóvakíu. Í dag eru þrír-fjórðu hlutar alls her-

frh. bls 4.


Árleg meðalaukning á hernaðarútgjöldum




Aukning á hlutfalli hernaðarútgjalda í þjóðartekjum




Fjöldi flugskeyta



Fjöldi kafbátaflugskeyta



Herstyrkur



Staðreyndir um hervæðingu og stríðsundirbúning Sovétríkjanna

Ákvörðun útvarpsráðs

Enn á ný hefur lestur úr leiðurum Stéttabaráttunnar og nokkurra annarra blaða verið stöðvaður. Nú er það útvarpsráð sem hefur slegið til og breytt reglunum um leiðaralestur landsmálablaða. Eins og margir lesendur Stéttabaráttunnar eflaust muna þá var lestur stöðvaður um áramótin ´74/´75 og stóð í nokkru stappi til þess að fá hann tekinn upp að nýju. Í það skiptið var það Guðmundur Jónsson dagskrárstjóri og Gunnar Eyþórsson fréttamaður sem tóku að sér (í samráði við útvarpsstjóra) að stöðva lestur Stéttabaráttunnar, Nýrrar Dagsbrúnar og Neista. Þeir sögðu að til stæði að breyta skilgreiningu orðsins landsmálablað, en töldu sig jafnframt hafa leyfi til að nota nýju skilgreininguna strax án þess að útvarpsráð hefði tekið ákvörðun í málinu. Í það skiptið urðu þeir að bakka með ákvörðun sína. En nú hefur það sýnt sig að hér var aðeins um tímabundna eftirgjöf af hálfu þeirra sem vilja útiloka málflutning Stéttabaráttunnar o. fl. úr útvarpinu. Þeir hafa nú beðið í ár og loks talið að tími væri til kominn að gera nýja atlögu. Nú er það meirihluti útvarpsráðs sem sér um framkvæmdina og þannig er allt talið klappað og klárt af hálfu þessara herra.

Þetta er ekki fyrsta aðgerðin sem reynd er til þess að útiloka sjónarmið KSML úr ríkisfjölmiðlunum - skemmst er að minnast þess hvernig útvarpslögin voru þverbrotin í síðustu alþingiskosningum. Þá voru KSML skammtaður miklu minni tími en "stóru" flokknum. Þá náði þetta lögbrot fram að ganga - þó svo að borgarfógeti viðurkenndi að hér væri verið að brjóta 3ju grein útvarpslaganna.

En hvernig er málatilbúnaðurinn núna hjá "forsvarsmönnum lýðræðis og einstaklingsfrelsis"? Jú, þeir hafa fundið það snjallræði að lesa ekki reglulega nema úr vikublöðum, með því er nú tímabilsbundið hægt að stoppa lestur Stéttabaráttunnar. Ennfremur ákvað útvarpsráð að þau blöð sem koma sjaldnar en vikulega (6-8 sinnum á ári) skulu njóta fullra réttinda svo framarlega sem þau séu gefin út á stöðum þar sem engin dagblöð koma út. Þannig koma engin reykjavíkurblöð til greina og þannig telja afturhaldsfulltrúarnir í útvarpsráði sig hafa náð tilganginum.

En þó að það sé lögfræðingur sem útbýr þessar hreinsunarreglur (Friðrik Zópur), þá er það samt sem áður lögbrot - nánar tiltekið brot á margræddri 3ju grein útvarps laganna.

Þar stendur skýrum stöfum að "það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum...". Ennfremur: "það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau."

Þannig verður að telja það brot gagnvart þeim flokkum og stjórnmálahreyfingum sem ekki hafa yfir vikublaði að ráða að útiloka málgögn þeirra - ef leiðaralestur er tíðkaður á annað borð. Ef Morgunblaðið, Vísir, Þjóðviljinn, Dagblaðið, Tíminn og Alþýðublaðið eru lesin - þá verður skilyrðislaust að lesa úr Stéttabaráttunni og öðrum blöðum sem eins er ástatt um.

Þetta mál vekur enn athygli á því að íslenskir kommúnistar verða að kappkosta að auka áróðursafl sitt - því það er aldrei hægt að byggja á lýðræðisreglum borgarastéttarinnar. Þær eru samdar af henni fyrir hana - gegn verkalýðnum og hagsmunum hans. Látum þetta verða okkur hvatning til þess að efla Stéttabaráttuna og auka úbreiðslu hennar og einnig útgáfutíðni.

-/hh

Níðst á sjómönnum

Í gagnrýni sinni á samningana hafa sjómenn aðallega bent á þá hættu sem lækkuð skiptaprósenta til þeirra hefur í för með sér. Lækkun skiptaprósentunnar var réttlætt með því, að samt sem áður yrði um nokkra kauphækkun til sjómanna að ræða, þótt hún yrði mun minni en hjá landverkafólki. Þá var gengið út frá því, að sókn, aflamagn, aflasamsetning og fiskverð héldist óbreytt. Kristján Ragnarsson, forsvarsmaður útgerðarmanna upplýsti í sjónvarpinu nýlega að almenn kauphækkun til sjómanna yrði á bilinu 2-12%. Því miður er ekki hægt að sannprófa þessar tölur hans þar sem almennir sjómenn hafa enn ekki fengið eintök af samningunum. Hins vegar mun verkalýðsfélagið á Neskaupstað hafa reiknað út, að hásetar á minni skuttogurunum muni alls geta fengið 45 þús. kr. kauphækkun á ári ef þeir taka ekkert frí og togarinn veiðir um 3000 tonn, en þá verður aflasamsetningin líka að vera sú sama og í fyrra.

Það er þegar komið frá, sem sjómenn bentu á, að samningarnir fela í sér kjaraskerðingu. Eftir að verkföllum hafði verið aflýst, dró ríkisstjórnin fram niðurstöður nefndar sem hún hafði falið það verkefni að koma "skipulagi" á veiðarnar. Tillögur þessar fjalla aðallega um það hvernig skera skuli þorskveiðar íslendinga niður í 100 þús. tonn. Þetta hyggst nefndin gera með því að láta banna allar þorskveiðar (nema með handfærum og á línu) í tvo mánuði í sumar og einnig með því að draga úr afla netabáta allt árið með fækkun netatrossa á hvern bát.

Þetta hefur í för með sér gífurlega kjaraskerðingu auk atvinnuleysis hjá sjómönnum. Í skýrslunni er lítið látið uppi um það hvað ætlunin sé að sjómenn geri þessa tvo mánuði. Að vísu er minnst á hugsanlegar karfa- og ufsaveiðar í staðinn, en þessir stofnar eru nú þegar fullnýttir (m.a. vegna samningana við v-þjóðverja). Þeir þola varla meiri sókn og það er fjarstæða að halda því fram að fá megi sambærilegt aflaverðmæti úr þessum stofnum og 100 þús. tonnum af þorski.

Það er engu líkara en nefndarmenn hafi trúað áróðri borgarablaðanna um hin geysigóðu kjör sjómanna og talið þá hafa efni á að fara í tveggja mánaða sumarfrí til Mæjorka, meðan bátarnir liggja bundnir við bryggju.

Rvík, 12. mars / I. P.

1. MAÍ

Undirbúningur 1. maí-aðgerða er þegar hafinn. KSML hafa sent frá sér áskörun til allmargra félaga og samtaka um sameiginlegar aðgerðir. Einnig sendu EIK(m-l) og Fylkingin út áskoranir. Nú þegar hefur náðst samstaða milli KSML, EIK(m-l) og fleiri um grundvöll sameiginlegra aðgerða.
Hins vegar hefur Fylkingin verið svo til einangruð með sitt venjulega klofningsbrölt.
Sú fregn hefur flogið fyrir að Fylkingin ætli að sameinast Alþýðubandalaginu í 1. maí-aðgerðum.
Það væri vel viðeigandi að af þessari sameiningu yrði. Trotskismi og endurskoðunarstefna AB eru sprottnir af sömu rót.

STÉTTABARÁTTAN skorar á alla lesendur sína að fylkja liði með KSML, EIK(m-l) og fleirum (það á eftir að koma betur í ljós hverjir munu taka þátt í þessum aðgerðum. Við munum skýra nánar frá þessu í næsta tbl.

För Nixon til Kína

Margir hafa átt erfitt með að skilja það sem býr að baki Kínaferð Nixons. Gagnrýnisraddir hafa heyrst sem átelja kínversku stjórnina fyrir að bjóða honum, þessum erkiþrjót. En það er ekki allt eins og það sýnist við fyrstu sýn. -

Nú eru liðin fjögur ár frá því að Nixon og Chou En-lai undirrituðu Shanghai-samninginn um sambúð Kína og Bandaríkjanna. Þessi samningur bætti stórlega sambúð ríkjanna og stefna Bandaríkjanna nálgaðist raunveruleikann.

Frá undirritun samningsins hafa samskipti ríkjanna enn batnað í heild sinni, en þó eru þau langt frá því að vera eðlileg þar sem bandarískur her situr enn á Taiwan, þó svo að flestar þjóðir, og þar á meðal Bandaríkin, viðurkenni eyjuna sem hluta Kína.

En núverandi stjórn Fords og Kissingers sýnir ekki mikla viðleitni til þess að uppfylla skilyrði Shanghai-sáttmálans. Í ferð sinni til Kína fyrir skömmu var Ford fámáll um samninginn og enn fylgir hann fram gömlu afstöðunni varðandi Taiwan.

Hverjir eru það sem hagnast á þessari tregðu Fords? Meðal þeirra eru þeir erki-afturhaldssinnar í Bandaríkjunum sem styðja gömlu Sjang Kai-sjek-klíkuna. Ennfremur aðrir engu minni afturhaldssinnar, nefnilega sósíalheimsvaldasinnarnir í Moskvu sem gera allt til þess að eyðileggja Shanghai-sáttmálann. Þeir vilja allt til vinna til að koma í veg fyrir bætt samskipti Kína við önnur lönd og eðlileg samskipti Bandaríkjanna við Kína.

Það eru þessi öfl sem Ford/Kissinger eru að reyna að gera til hæfis, og því vinna þeir gegn hagsmunum bandarísku þjóðarinnar.

Allt moldviðrið í kringum "detente" getur ekki hulið það að stríðshættan vex með hverjum degi, í því ljósi er auðvelt að sjá hversu mikilvægt það er að ákvæðum Shanghai-sáttmálans sé fylgt eftir.

Þannig er för Nixons til þess fallin að vekja athygli á þessum sáttmála og reiði Fords yfir förinni stafar m.a. af andstöðu hans gegn uppfyllingu sáttmálans.

-/HH

Ný áskriftaherferð

Nú hefjum við nýju áskriftaherferðina fyrir alvöru. Í þessu blaði birtast fyrstu tölur um árangurinn - en tölurnar sýna fjölda nýrra áskrifenda frá s.l. áramótum. Eins og sjá má hér að neðan hefur ýmsum svæðum verið skammtaður kvóti sem þeim er ætlað að ná - og fylla þannig sinn hluta af heildartölunni. Við höfum kosið þann kostinn að setja ekki alla kaupstaði í hverjum landshluta á listann (enda ekki gerlegt eins og þessi herferð er skipulögð) en þess í stað höfum við landsfjórðungana. Þeir staðir sem nefndir eru eru ekki innifaldir í viðkomandi landsfjórðung.
Sem stendur hefur Suðurlandið forystuna og má þar mest þakka Hvergerðingum hinn góða árangur.
Takmarkið er að ná 200 nýjum skilvísum áskrifendum á fyrrihluta þessa árs. Þessi aukning er liður í því að tryggja reglubundna og tíðari útkomu STÉTTABARÁTTUNNAR.

Svæði	Kvóti
Akureyri	25
Egilsstaðir	5
Hafnarfjörður	10
Húsavík	5
Keflavík	10
Kópavogur	12
Neskaupstaður	7
Reykjavík	80
Suðurland	15
Vesturland	10
Norðurland	5
Austurland	10
Útlönd	6
Í heild	200